

Hverju lofa Þjóðgarðar?

Um mikilvægi heildarsýnar í ferðamennsku

Hjörleifur Finnsson

Þjóðgarðsvörður Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs



Viðfangsefnið

- ▶ Samspil ferðapjónustu og Þjóðgarða
- ▶ “Heildarsýn í uppbyggingu áfangastaða”
- ▶ “Iloforð Þjóðgarða” sameinar ofangreint

- ▶ Nálgun út frá vestrænum menningarheimi

Loforðið

- ▶ Saga Þjóðgarða í hinum vestræna heimi spannar yfir 140 ár (Yellowstone 1872)
- ▶ Í árána rás verður til orðræða um þjóðgarða sem býr um sig vestrænni menningu okkar og hugum einstaklinganna
- ▶ Þessi orðræða skilgreinir mengi meðvitaðra og ómeðvitaðra tilhneyginga, fordóma, gerða og væntinga
- ▶ Loforðið felst í yfirleitt jákvæðum, en oft ómeðvituðum væntingum fólks til þjóðgarðanna

Hverju lofa Þjóðgarðar?

- ▶ Lítt eða óspilltri náttúru og/eða menningarminjum sem á einhvern hátt eru sérstakar, sjaldgæfar og upprunalegar (e:rare and authentic).
- ▶ Innviðum: aðgengi, upplýsingum, fræðslu og öryggi
- ▶ Verndun hins sérstaka/óspillta og hlutdeild í henni, í sjálfbærri ferðamennsku
- ▶ Gæðum en ekki gámum. Fólk væntir þess að þjóðgarðar séu fararbroddi hvað varðar gæði snyrtimennsku, smekkvísi og innra samræmi.
- ▶ Loforð þjóðgarða, skarast að einhverju eða stóru leyti á við ímynd Íslands í heild sinni

Gildi þjóðgarða fyrir ferðapjónustu

- ▶ Vegna loforðsins eru þjóðgarðar nánast sjálfkrafa ferðamannaseglar, nafnið eitt virkjar 140 ára orðræðuhefð
- ▶ Þeir þurfa þó meðbyr markaðsetningar annarra og lágmarkskynningu á eigin vegum

Dæmi Öræfasveit og Skaftafell





Loforðið svikið?

- ▶ Að efna ekki loforðið veldur vonbrigðum gesta
- ▶ Að efna ekki loforðið grefur undan hugtakinu “þjóðgarður”
- ▶ Að svíkja loforðið leiðir til hnignunar þjóðgarða og Íslands sem ferðamannalands.
- ▶ Að svíkja loforðið gæti leitt til hnignunar annara ferðamannastaða (léleg fyrimynd, aukin átroðningur utan þjóðgarða)
- ▶ Ísland gæti fallið mill báts og bryggju: hvorki þriðja heims land (sem loforðið á ekki við um), né boðlegur vestrænn áfangastaður
- ▶ **Erum við að efna loforðið í dag?**

Staðan í dag: Þjóðgarðar

- ▶ Margt gott verið gert en...
- ▶ Skortur á rekstrar og framkvæmdafé
- ▶ Innviðir á stórum svæðum vart sýnilegir
- ▶ Öryggismálum ábótavant
- ▶ Ýmis skipulagsmál unnin alltof hægt
- ▶ Fleiri ferðamenn og stærra land undir en sama rekstrafé

Staðan í dag, Ísland í heild

- ▶ Stóraukinn ferðamannastraumur
- ▶ Óvissa með skipulagsmál eða þau í miklum lamasessi (Rammaáætlun, Geysir, Landmannlaugar)
- ▶ Ferðamannastaðir í niðurníðslu, eftirliti og lágmarksöryggi ekki sinnt.
- ▶ Skortur á fjármagni (misheppnaður Gistináttaskattur)
- ▶ Skortur á samhæfingu

Loforðið efnt

- ▶ Krefst fjármagns
- ▶ Krefst þekkingar og yfirsýnar
- ▶ Krefst heildarsýnar
- ▶ Krefst skipulaga í skynsamlegri sértekningarröð (á eftir aðalskipulagi komi deiliskipulög sem fari eftir aðalskipulögum)
- ▶ **Krefst heildrænna skipulagsáætlanna**


Heildrænt skipulag

- ▶ Útópían væri að Ísland væri skipulagt sem einn ferðamannastaður í heild sinni og allir sem einn (einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir) ynnu samhentir eftir því að sama marki
- ▶ Þá væri t.d. ekki gangi markaðsátakið “Ísland allt árið” á sama tíma og Vegagerðin moka ekki í Dimmuborgir eða nýjan miljarðaveg niður að Dettifossi
- ▶ Þó útópían sé ekki raunsæ af ýmsum ástæðum má nálgast þetta mark

Hvað stendur í vegi heilðræns skipulags?

- ▶ Skipulagsmál sögulega...og Íslendingar
- ▶ Skipulagsvaldið er dreift
- ▶ Ólíkir hagsmunir og sýn, td. landeigenda
- ▶ Takmörkuð þekking og skortur á yfirsýn í ferðamálum

Dæmi: landslagsheildir V.Þ.



Lausn Vatnajökulsþjóðgarðs

- ▶ Stofnaður með sérlægum og tekur almennum lögum fram (t.d. Náttúruverndarlögum eða skipulagslögum)
- ▶ Skýr ákvæði um skipulagsáætlun þjóðgarðsins sem tekur aðalskipulögum sveitarfélaganna fram = skipulagsvaldið liggur hjá þjóðgarðinum sjálfum
- ▶ Sveitarfélögin hafa þó skipulagsvaldið óbeint í gegnum meirihluta sinn í stjórn þjóðgarðsins. Tryggir aðkomu heimamanna og samþættingu hagsmuna

Skipulag Vatnajökulsþjóðgarðs

- ▶ Ein heildræn skipulagsáætlun fyrir mjög stórt svæði, **Stjórnunar- og Verndaráætlunin**
- ▶ Einkalönd innan þjóðgarðs gefa tækifæri á minna rofi á landslagsheildum við þjóðgarðsmörk

Ólíkir hagsmunir?

- ▶ Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er umdeild.
- ▶ Stærra svæði = fleiri sérhagsmunir
- ▶ Stundarhagsmunir ferðapjónustu stangast oft á við heildrænt skipulag (stundum svifaseint)
- ▶ Langtímahagsmunir náttúruverndar og ferðapjónustu eru sameiginlegir í að efna loforðið sem bundið er við þjóðgarða og sjálfbæra ferðamennsku

Samantekt

- ▶ Heildarsýn er nauðsynleg til að efna loforð og standa undir væntingum, bæði til þjóðgarða og Íslands í heild
- ▶ Heildarsýn er best tryggð með bindandi skipulagsáætlunum gerðum í lýðræðislegum ferlum
- ▶ Heildarsýn er forsenda vernd náttúrunnar, auðlindarinnar, til langs tíma.
- ▶ Heildarsýn er forsenda sjálfbærar ferðamennsku

Lokaorð

- ▶ Ferðapjónusta, náttúruvernd, þjóðgarðar, ferðamenn og fólk í landinu á sameiginlegri langtímahagsmuna að gæta í heildrænni uppbyggingu ferðamannastaða og Íslands sem ferðamannalands undir merkjum sjálfbærrar þróunnar
- ▶ Einungis skammtímahagsmunir stangast stundum á
- ▶ Þá er bara að finna pening til að efna loforðin!!!